

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 116/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Brynjólfi Sigurðssyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Ítrekun. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins 3. mars 1994 til endurupptöku samkvæmt XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Málinu er eingöngu áfrýjað til endurskoðunar á ákvörðun um refsingu og sviptingu ökuréttar. Áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 8. mars 1994, og er af hálfu ákærvalds krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að svipting ökuréttinda verði tímamörkuð“.

Samkvæmt gögnum málsins nam áfengismagn í blóði ákærða umrætt sinn 1,95%.

Með dómsátt 29. júlí 1985 var ákærði sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 3. ágúst 1984 fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Hann var að nýju sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 22. apríl 1991 með dómsátt 30. maí sama ár fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá voru fallin niður ítrekunaráhrif fyrra brots, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þar sem nú er um ítrekað brot að ræða, skal ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár frá birtingu héraðsdóms, sbr. niðurlagsákvæði 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Samkvæmt 2. mgr. 191. gr. laga nr. 19/1991 greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Brynjólfur Sigurðsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár frá birtingu héraðsdóms.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1993.

Ár 1993, föstudaginn 11. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-344/1993: Ákærvaldið gegn Brynjólfi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 1. þ. m. 1993, á hendur ákærða, Brynjólfi Sigurðssyni, Hraunbæ 112 A, Reykjavík, kt. 300964-400, „fyrir að aka bifreiðinni S-2102 aðfaranótt föstudagsins 16. október 1992 undir áhrifum áfengis um bifreiðastæði við Vallarhús nr. 1 – 9 og 23 – 15 í Reykjavík og aka á bifreiðina JT-522, sem var kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæðinu.

Þetta telst varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

Fallið hefur verið frá ákæru að því er varðar árekstur á hina mannlausu bifreið.

Ákærði hefur skýlaust jatað það athæfi sem hann er saksóttur fyrir og hefur hann brotið það lagaákvæði sem í ákærinni segir.

Brot ákærða er ítrekað öðru sinni og þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af sökinni.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Brynjólfur Sigurðsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.